

# CQ TF



Fréttabréf maí 1992

## FRÁ STJÓRN

Ágætu félagar

All langt er nú síðan CQ-TF kom út síðast en með þessu blaði skal bætt úr. Ýmislegt hefur á daga félagsins drifið og fyrst ber að nefna hina árlegu útteika, sem fram fóru með hefðbundnu sniði um land allt, eða því sem næst Skilyrði voru ekki neitt sérstök, en það aftraði mönnum ekki frá því að hafa nokkur sambönd.

Þá var efnt til refaveiða innanbæjar á 3633 kHz, þar sem þátt tóku nokkrir valinkunnir menn úr félaginu. Veðimennirnir lögðu af stað frá Hallgrímskirkju, en refurinn faldi sig í litlum trjágarði við Sjómannaskólann. Þrátt fyrir að tæknilega tækist vel til með æfingu þessa hefði þátttakan gjarnan mátt vera meiri, bæði í þetta skiptið og í útileikunum.

Þann 19.- 20. október héldu radióskátar sitt árlega "Jamboree on the Air". Leyfi var fengið fyrir 4 stöðvum : TF1JAM, TF3JAM TF5JAM og TF6JAM. Aðal skipuleggjandi mótsins var Andrés Þórarinnsson, TF3AM. Andrés kvað það hafa verið með ólíkindum eflitt að fá radió-

amatöra til að manna aðal stöðina TF1JAM sem starfrækt var á Úlfjótsvatni og er það miður. Vonandi verður annað uppi á teningnum í haust.

Í janúar efndi stjórnin til félagsfundar um breytingar á samþykktum félagsins. Fjórtán félagsmenn mættu. Fjörugar umræður urðu um félagssamþykktirnar og sýndist sitt hverjum. TF3T lagði fram ítarlegar tillögur um nýjar félagssamþykktir og verða þær sendar félagsmönnum til skoðunar. Greina mátti nokkra samstöðu manna um það að breytingar félagssamþykktu væru tímabærar.

Aðalfundur Í.R.A. var haldinn þ. 9. febrúar sl. Mjög illa var mætt og er það miður. Breytingar félagssamþykktu voru efst á baugi á aðalfundinum. Fundurinn ákvað að vísa því máli til félagsmanna og eru þeir beðnir að kynna sér tillögur til breytinga þegar þær berast. Ætlunin er að ljúka málinu á aðalfundi 1993. Eftirfarandi voru kjörmir í stjórn félagsins og hefur hún skipt með sér verkum:

Formaður:

Sæmundur Þorsteinsson TF3UA

Varaformaður:

Vilhjálmur Þ. Kjartansson TF3DX

Gjaldkeri:

Kjartan H. Bjarnason TF3BJT

Ritari:

Bjarni Sverrisson TF3GBN

Meðstjórnandi:

Þórður Ívarsson TFSPXT

Varamenn:

Heimir S. Jónsson TF3TXT Ásbjörn

Harðarson TF3ATN

Sú ánægjulega samþykkt var gerð að greiða atkvæði með því að veita albanska amatörafélaginu AARA aðild að IARU. Það hefur nú verið gert.

Aðalfundur ákvað upphæð félagsgjalda fyrir 1992. Þau voru ákveðin kr. 3000. Stjórnin vill leitast við að innheimta sem mest af félagsgjöldunum beint, þ.e. að menn borgi þegar þeir koma í félagsheimilið eða á aðrar samkomur félagsins. Með þessu má spara vinnu og peninga við útsendingu giróseðla.

Að undanfögnu hefur nokkuð verið rætt hvað gera eigi við peninga þá er fengust fyrir masturseiningarnar sem seldar voru til Stöðvar 2. Stjórninni þótti eðlilegast að nota tækifærið og byrja að safna í hússjóð fyrir félagið. Húsnæði það, sem félagið býr við er óhentugt á margan hátt. Mörgum þykir erfitt að komast þangað og hitunarkostnaður er slíkur að félagssjóður er mjög sligaður undan honum. Einnig vofir sú hætta yfir að hafnar verði vegaframkvæmdir og bústaðurinn okkar verði fyrir. Því höfum við sett okkur það markmið að safna slíkum sjóði að kaupa megi góðan sumarbústað eftir nokkur ár og setja

hann niður á hentugan stað. Til fjármögnunar sjóðsins er ætlunin að setja á frjálst gjald, t.d. 1000 kr. sem greiðist með félagsgjöldum. Engum verður skylt að greiða gjaldið en félagið mun standa í þakkarskuld við þá sem það gera. Einnig auglýsir stjórnin eftir góðum hugmyndum til fjáröflunar fyrir sjóðinn. Hún hefur skipað nefnd tveggja valinkunnra amatöra, TF3DC og TF3YH, sem gefa skal gjaldkera góð ráð um hvernig ávaxta skal sjóðinn sem best. Nefndin hefur þegar tekið til starfa. Í hússjóði eru nú kr. 208 þúsund geymt í öruggum verðbréfum með góðri ávöxtun. Það er ætlunin að sýna stöðu hússjóðs í hvert sinn sem CQ-TF kemur út til að félagsmenn sjái hvernig þessum sameiginlega sparnaði okkar miðar.

Sl. sumar og haust tóku nokkrir góðir félagsmenn undir forystu húsnefndar félagsins til við að betrubæta félagsheimilið og umhverfi þess. T.d. var skafið og málað og talsvert vannst í þeim efnum, þó enn sé nokkuð í að fullklárað sé, en í því sambandi viljum við hvetja menn til að athuga hvort ekki leynist afgangsmálning í geymslum, helst rauð eða hvít. Þá var einnig hugað að loftnetamálum, sem hafa verið í mesta ólestri. Réttur var við annar tréstaurn, sem lengi hefur verið skakkur, settir voru niður steinar í undirstöðu undir turn og grafnar niður stagfestingar, en Ólafur, TF3SO, hefur lánað félaginu 9 m turn, sem er verið að koma upp. Einnig er fyrirhuguð uppsetning á 10 m löngu lóðréttu fiberneti, sem félagið fékk sl. sumar.

Ákveðið hefur verið að hafa sérstakan framkvæmdadag, laugardaginn 16. maí kl. 10.00 fyrir hádegi. Menn eru hvattir til að koma og leggja félaginu lið á þessum degi.

Hafi einhverjir einstaklingar eða hópar innan félagsins áhuga á að hrinda

Framh. á síðu 10.

# KÓKÓ LOFTNET

Undanfarin ár hefur dregið nokkuð úr heimasíðum radíóamatöra, enda fást nú orðið afar eiguleg tæki á vægu verði. Þessi þróun hefur ekki verið jafn áberandi á loftnetasviðinu. Loftnet eru mun einfaldari til smíða en sendar og viðtæki og íslenskar aðstæður krefjast sterkari loftneta en algengust eru á markaðinum.

Hér verður lýst loftneti, sem er auðvelt að smíða, kostar sáralítið og má gera þannig úr garði að það standist hinar slæmu veðurastæður, sem oft ríkja hér á Íslandi. Þetta er kókó-loftnetið. Nafnið dregur það af ensku heiti sínu, Coaxial Collinear antenna. Loftnetið er í eðli sínu röð af dípólum, oftast raðað upp lóðrétt, og hentar best á VHF og UHF sviðunum. Gjarnan má þó reyna loftnetið á 10 m bandinu. Einn stærsti kostur þess er sá, að ekki þarf að huga að góðu jarðsambandi eða radíólum eins og gerist með flestar gerðir lóðréttra loftneta. Unnt er að ná nokkurri stefnuvirkni í lóðrétta planinu með kókó-netinu en í lárétta plani er geislunin sú sama í allar áttir. Stefnuvirknin er aukin með því að fjölga dípólum í loftnetinu en við það stækkar netið og styrkur þess minnkar. Því verður hér aðeins lýst kókó-neti með einum dípól.

Mynd 1a sýnir slíkt loftnet, skorið fyrir tíðnina 145,3 MHz. Loftnetið er eingöngu smíðað úr kóax köplum, herpihólkum og spóluformi. Bútur nr. 1 (RG-58) er skorinn heldur stærri en teikningin sýnir, td. 32 cm. Síðan má klippa af honum þar til standbylgjan hefur náð minnsta gildi sínu. Bútar nr 2 og 3 (RG-213) eru skornir 4 cm lengri en teikningin sýnir því þeir þurfa að skarast við hina hluta loftnetsins. Afeinangrið 2 cm báðum megin og skammhleypíð efri enda á búti nr.2 þ.e. skermur

og innri leiðari eru tengdir saman og síðan lóðaðir við skerminn á búti 1. Neðri endi á búti 2 er tengdur við efri enda á búti 3 en takið vel eftir víxluninni, þ.e. skermur á búti 2 er tengdur við innri leiðara á búti 3 og öfugt Mælið endanlega lengd og skeríð ef með þarf áður en búturnir eru lóðaðir saman. Neðri endi á búti 3 er nú lóðaður við búti 4 (RG-174). Hér er engin víxlun. Vandíð þessa tengingu vel, því hún er veikasti hlekkur loftnetsins. Bútur 4 er gerður úr grönnum kapli, sem undinn er á spóluform með 25 mm þvermál. Rétt er að vefja 10 vindinga þétt saman. Spóluformið má gjarnan vera úr einhverju plastefni (rafmagnsröri) eða pappa. Að lokum er rétt að tengja loftnetið við sverari fæðilínu, RG-213 ef línan er lengri en 10 m, annars má nota RG-58. Nú skal styrkja alla tengipunkta með herpihólkum. Best er að nota hitablásara til að láta þá herpast Ef slíkt er ekki fyrir hendi má nota einangrunarband og þá helst það sem verður að einni klessu (drulluteip).


Önnur útfærsla felst í því að nota RG-58 alla leið, þ.e. nota ekki RG-174 í búti 4 heldur vefja spóluna með RG-58. Þetta hefur þann kost að tvær kapal-samtengingar verða óþarfar og loftnetið því sterkara. Gallinn er hins vegar sá, að sjálfherma (resónans) spóluinnar verður á lægri tíðni því meiri rýmd er milli vindinga. Prófanir gefa þó til kynna að spóla undin úr RG-58 veiti nægilega RF-einangrun. Hér skal muna að hafa spóluformið grennra eða u.þ.b. 20 mm svo spólan komist inn í rörið, sem neðan er lýst

Enn er sá kostur að vefja kapalinn ekki upp í spólu heldur að smeygja yfir hann ferrit perlum. Þetta er sýnt á mynd 1b. Hentugar

## Tæknigrein

perlur eru til, bæði fyrir RG-58 og fyrir RG-213. Þessi lausn virðist fegurri en inar fyrrnefndu, því kenniviðnám fæðilínunnar truflast ekki. Allar skarpar beygjur valda breytingu á kenniviðnámi kóax-lína og því auknu endurkast. Prófað var að raða 10 perlum á RG-58 línu. Niðurstaðan olli nokkrum vonbrigðum

choke). Virkni þeirra byggist á því að skammhleyp lína hefur spennulággildi til endans og því spennuhágildi í fjórðungsbylgjufjarlægð frá endanum. Sýndarviðnámið (impedansinn) nær því einnig hámarki í þeirri fjarlægð frá endanum. Þetta má nota til að RF-einangra kókó-loftnetið frá fæðilínunni. Kóax-



Mynd 1.

því nægileg RF-einangrun náðist ekki. Fróðlegt væri að fleiri prófuðu þetta, því vandséð er ástæða hinnar slæmu útkomu þessarar tilraunar.

Fleiri kosti má nefna, til þess að afla þeirrar P F-einangrunar sem kókó-loftnetið þarfnast. Spennandi væri að prófa ýmsar útfærslur af fjórðungsbylgju “sjókkum” (quarter wave

strengurinn er afeinangraður í fjórðungsbylgjufjarlægð frá loftnetinu og annar fjórðungsbylgjubútur lóðaður við skerminn. Búturnir eru látnir liggja samsíða, mynd 1c. Betri niðurstaða fæst ef settur er hólkur úr leiðandi efni yfir kóax línuna og lóðaður í fjórðungsbylgjufjarlægð frá loftnetinu,

mynd 1d. Þetta er nefnt sleeve-choke á ensku. Þetta mætti t.d. gera með því að toga innri leiðara út úr bút af RG-213 og smeygja RG-58 línunni inn í staðinn. Fjórðungsbylgju sjókin nær væntanlega góðri einangrun. Þó þarf að prófa sig áfram með lengd hennar því hraðastuðull kóax-kápunnar er ekki þekktur. Galli þessarar aðferðar felst í því að loftnetið verður ögn lengra en með hinum leiðunum. Þetta er þó óvera á 2 m bandinu þar sem bylgjuþróunurinn er aðeins 51,6 cm miðaðvið 145,3 MHz.

Þá er smíði sjálfs loftnetsins lokið og komið að því að skera efsta hlutann í endanlega lengd. Það verður að gerast með hjálp standbylgjubrúar og sendis. Loftnetið þarf að vera sem fjærst öllum leiðandi hlutum, hugsanlegt er að hengja það í þvottasúru en láta þó ekki nema við jörð. Standbylgjuhlutfallið er mælt, síðan skorið en aðeins 5 mm í einu. Sé skorið of mikið er auðvelt að skipta um efsta bút loftnetsins. Standbylgjuhlutfallið ætti að nást niður fyrir 1,5.

Þegar stillingu er lokið er komið að því að afla kókó-netinu húsnæðis. Hér kemur margt til greina og háð aðstæðum hverju sinni í hve mikið skal leggja. Ein lausn er að kaupa baujustöng hjá Hampiðjunni og setja loftnetið inn í hana. Baujustöngin fæst í 5 m lengjum, er gerð úr appelsínu-rauðu plasti og er 43 mm að þvermáli. Úr einni baujustöng má fá hús fyrir þrjú kókó-net, þ.e stöngin er söguð í þrjá 1,66 m búta. Kókó-netið er fest efst í stöngina og efra opinu lokað rækilega, t.d með herpihólk. Rétt er að hafa neðri hlutann opinn svo raki safnist ekki saman í rörinu. Þetta má nú festa með tveim baulufestingum við reykháf, húsvegg eða á járnstöng. Sé notuð járnstöng er þægilegt að láta tvær baulur snúa bökum saman, önnur festist við járnstöngina

og hin við baujustöngina. Hæfilegt bil milli baula er 30 cm.

Til að styrkja loftnetið enn frekar má fylla það með pólýureþan frauði. Hér verður að nota tvíþátta efni sem þenst út þegar þættirnir koma saman. Þættirnir eru hrærðir hratt saman og hellt undir eins í rörið. Frauðið þenst út í rörinu og fyllir það. Gætið þess að nota aðeins u.þ.b. 0,2 l af frumþáttum frauðsins.

Kókó-loftnetið er í eðli sínu einfalt til smíða, en góður frágangur krefst nokkurs umstangs. Það hentar best hinum háu tíðnum en er þó viðráðanlega stórt á 10 m. Slíkt loftnet kemst fyrir í 5 m langri baujustöng, en nauðsynlegt er að staga hana í a.m.k einni hæð. Útskýringar á verkun kókó loftnetsins verða að bíða betri tíma enda ekki unnt að gefa þær í stuttu máli. Að lokum er gefinn listi yfir verslanir sem selja efni í kókó-loftnet

73deTF3UA

RG-58 og RG-213: Radióvirkin Borgartúni

RG-174: Sameind Herpihólkar Glóey. Árnúla

Ferrit perlur: RadioKit P.O. Box 973, Pelham, NH 03076 USA, s.90-1-603-437-2722

part nr. 83-10-A636-1000 fyrir RG-58, kosti \$ 1,99/stk-

part nr. 83-10-A637-1000 fyrir RG-213, kosti \$ 2,89/stk

Baujustöng: Hampiðjan, Bíldshöfða 9

Festibaulur: Vökvaleiðslur og tengi, Sigtúni, (biðjið um grænar 42 mm baulur)

Pólýureþan Sæplast, Dalvík

# Frá nefndum og ráðum

Nú höfum við hérna nokkrir verið kosnir í stjórn og nefndir félagsins og það erum við sem stjórnnum hérna, en við erum að stjórna framkvæmdum fyrir ykkur félagsmenn, en ekki fyrir okkur. Þess vegna tel ég það bara sjálfsagt að þið félagsmenn leggið eitthvað að mörkum og “hjálpið ykkur sjálfum” að koma upp myndarlegri klúbbstöð, myndarlegu félagsheimili og myndarlegu félagi.

Undanfarið hafa menn komið saman á fimmtudögum uppi í félagi og spjallað um heima og geima, yfir rjúkandi kaffibolla eða seiðandi kóki og prins (mætti fara að breyta til -tek það til athugunar). Það er nú ekkert ægilega aðlaðandi félagsheimilið okkar, þessvegna skulum við nú fara að athuga hvað það er sem er á dagskrá þeirra nefnda sem helst gætu gert eitthvað í þessum hlutum.

## Bókasafnsnefnd:

Sennilega á félagið hátt á annað hundraðið af bókum. Vitað er að eitthvað af bókunum hafa félagsmenn fengið lánaðar enn því miður hafa menn ekki munað að skila þeim aftur. Óska ég nú eftir því að allir félagsmenn skoði nú í bókahillur sínar (og annarra) og athugi hvort eitthvað af bókunum tilheyri ekki félaginu.

Kannist þið ekki við alla blaðabunkana sem liggja á öllum borðum á víð og dreif. Þetta eru alveg ógrynni af blöðum og þá alveg ógrinni af lestrarefni og öðru góðgæti sem gaman er að lesa. Nú er búið að kaupa teinamöppur, sem blöðum er raðað í í röð og reglu, ýmist hálfur eða heill árgangur í hverja möppu. Einnig voru keyptar venjulegar möppur fyrir blöð með límdan kjöl t.d. QST og RADIO REVISTA. Blöðin eru þá laus í og er þá ætlast til þess að menn gangi frá blöðunum í réttar möppur, eftir lestur.

Og það sama á við um blöðin og bækurnar,

kíkja í bókahillumar ykkar (og annarra).

Eftirfarandi blöð fær félagið nú sent mánaðarlega:

QST- Hið virta bandaríska blað allt fr. 1950.

RADCOM- Breska blaðið

WORLD RADIO- Bandaríska blaðið

RADIO REVISTA- Ítalska blaðið

MEGAHRTZ MAGASINE- Franska blaðið

RADIOAMATÖRI- Finnsla blaðið

AMATÖR RADIO- Norska blaðið

OZ- Danska blaðið

OY-ARINN- Færeyska blaðið (þessir öðlingar)

J.A.R.L.- Japanska blaðið

SCAC news- Scandinav. Activiti Clubb.

QRP.CW.

Þytur- Frá flugmóðelfélaginu Þyt

Allt í allt eru þetta hátt á þriðja hundraðið af blöðum. Og meira segja Japanarnir senda okkur blaðið sitt (á Japönsku, en það er nú aukaatriði), þess skal getið, að ekki verður “spanderað” möppum á JARL af augljósum ástæðum. Reyndar fáum við alltaf tveggja blaða snepil á ensku frá þeim sem við munum halda til haga, sér í möppu.

Öllum þessum möppum verður síðan hægt að ganga að í hillunum. Í hillunum verða þá blöð sem eru allt að 5 ára gömul en vegna plássleysis verður elstu blöðunum komið fyrir niðri í kjallara á á aðgengilegan máta. Og að sjálfsögðu verður

byltingarkennd tiltekt í kjallaranum sem verður komið að síðar í blaðinu.

## Húsnefnd:

Klárað verður að mála húsið í sumar Núna verður loksins ráðist í það stórvirki að laga til í kjallara félagsheimilisins til að rýma fyrir bókum og blöðum félagsins. Ef einhverjir eru hræddir við skemmdir af völdum vatns þá er það allgjör óþarfi því aldrei hefur lekið inn í kjallaran frá því að hann Baldvin TF3-033 fór hamförum í kjallaranum þegar við fluttum inn í húsið á sínum tíma. Kannski verður hægt að koma upp aðstöðu í kjallaranum til grófari smíðavinnu s.s. vinnu á loftnetum, borun á kössum og öðru. Þar er þá hægt að koma fyrir hefilbekk sem núna gerir ekkert nema þvælast fyrir heima hjá undirrituðum.

Hugmyndir eru uppi um að koma upp aðstöðu til prófunar og viðgerða á tækjum, eina plássið er þá í eldhúsinu (það heitir bara eldhús, út á vaskinn og ísskápinn sem þar eru.) Eitthvað er til af mælitækjum og verkfærum sem hægt væri að setja upp, þar má nefna mælibrýr og aðra mæla, RF generator, Sveiflusjá og 10MHz - 64 GHz SPEKTURGREINI Þetta er ennþá bara hugmynd sem ekki er víst að verði framkvæmd strax, nema framtaksamir menn bjóði sig fram til smá vinnu. Hvað varðar SPEKTURGREINI þá er undirritaður alveg ægilega spenntur fyrir að koma honum í gang, þetta er heilmikið stykki, sem bíður eins og annað, niðri í kjallara.

Undanfarið hafa menn komið saman á fimmtudögum uppi í félagi og spjallað um heima og geima, yfir rjúkandi kaffibolla eða seiðandi kóki og prins (mætti fara að breyta til -tek það til athugunar). Það er nú ekkert ægilega aðlaðandi félagsheimilið okkar, þessvegna skulum við nú fara að athuga hvað það er sem er á dagskrá þeirra

## QRM...QTC

Hér fylgir listi yfir erlenda amatöra, sem hafa fengið leyfi til að vera í loftinu á Íslandi nú í ár.

DL6NCX Thomas Baumann  
DC2EU Uwe Frahmhein  
DL1EKK Heinrich Rustige  
OZ9RA Charly Hansen  
PAOJLS J.L.S.vanHese  
DL4LAI Bärbel Bockwoldt  
DL5LQ Hans-Jöm Bockwoldt  
DL4HAL Geert Lehmani  
DLIMDH IngoWeighardt  
DL7LD Joachim Rudolph  
DL7XV Eveline Rudolph  
HB9FMD Roland Fückiger



7. Maí 1992 10. árgangur  
Útgefandi: Íslenskir  
Radíóamatörar (ÍRA)  
Stofnað 14. ágúst 1946.  
Pósthólf 1058,121 Reykjavík.  
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:  
Þórður Ívarsson, TF3PXT  
ÍRA er hið íslenska aðildarfélag  
að IARU, IARU Region 1 og  
NARU

# Hugleiðingar um loftnetamál

Jæja, þá er nú farið að vora og kominn tími til grafa sig upp úr snúru, tækja, blaða og bókabunkunum eftir hlýja og notalega inniveru (kannski undir sæng). Já, sprettum úr spori og förum að huga að loftnetunum okkar. ÉG VAR EKKI AÐ MEINA LOFTNETIN HEIMA HJÁ YKKUR, HELDUR LOFNETUM FÉLAGSINS.

## UM TURNA

Og nú er komið að því, að fara að reisa 10m háan loftnetsturn sem nú er tilbúinn til uppsetningar. Ofan á turninn verður síðan settur stór tveggja elementa, 5 banda QUAD, loftnet sem TF3EJ hefur ekki getað sett upp heima hjá sér, vegna plássleysis, og lánar okkur hann þess vegna um ótiltekinn tíma. QUAD'inn liggur nú í kjallara félagsheimilisins tilbúinn til samsetningar, og þá, uppsetningar. Ef eitthvað pláss verður, þá er líka hægt að setja upp 10m 3el YAGI eða kannski frekar 17el VHF YAGA. Nú svo má auðvitað endalaust hengja víra eða eitthvað í mastrið. Efst í mastrinu eru 2 heilmiklar flanslegur sem eiga að sjá um að halda 2 tommu röri upp úr mastrinu og er þá hugmyndin að vera með rótor neðst til að snúa rörinu. Til að byrja með verður notast við rótorræfil sem fannst í kjallara hér í borg, ekki er víst að hann þoli það vindálag sem kemur til með að verða næsta vetur. Þess vegna verður að útvega eða fá lánaðan annan rótor og væru allar hugmyndir vel þagnar. Ég vil benda á að víða liggja svona tæki ónotuð í kompum eða skúmaskotum þar sem þau koma að engum notum. ég tel heldur ekki að illa verði farið með félagsgjöldin YKKAR þó að keyptur yrði notaður rótor, þeir eru víst ekki gefnir, þessir

nýu og glansandi rótorar.

## ANNAR TURN?

Ó jú, það held ég, nú getum sett upp annan turn við félagsheimilið. Þetta er 13m hár stálturn í einni einingu, ég veit reyndar lítið meira um hann, nema að það á eftir að flytja hann alla leið frá Keflavík. Hann er sennilega nokkuð þungur og ómeðfærilegur það verður þess vegna vandamál að flytja hann til Reykjavíkur. Og nú spyr ég: Er einhver sem getur útvegað flutning á turninum frá Keflavík til Reykjavíkur?

## RISA VERTICAL

Í eigu félagsins er stór fiber vertical sem TF3BM útvegaði, og ber ég honum bestu þakkir fyrir. Eftir er að mála hann hvítan (mætti einnig nota hann sem fánastöng), festingar eru fyrir hendi en á þær mun koma símastaursbútur 3m langur sem verður grafinn 2m í jörð. Og svo koma auðvitað einir 8 eða 16 radialar, grafnir í jörð hringinn í kringum verticalinn. Annars bíður hann eftir vorinu í kjallara félagsheimilisins. Reyndar svo stór að það var, með naumindum hægt að troða honum milli horna, í tvennu lagi, inn í geymsluna en hingað til hefur geymslan okkar þótt þokkalega stór.

## 2EL YAGI Á 160m ?

Fyrir nokkrum árum voru reistir upp tveir 10m háir símastaurar sitthvoru megin við húsið, þar var á sínum tíma sett upp QUAD lúppa sem reyndar fór niður í einhverju óveðrinu þegar annar staurinn skekkdist Núna síðasta sumar fengum við okkur gröfu til að aðstoða er staurinn var réttur við.



# STARFSÁÆTLUN ÍRA 1992

16. maí. Laugardagur. Félagsheimilið kl. 10:00. Tekið til hendinni, vorhreingerning.
16. maí. Laugardagur. Púlsinn við Vitastíg, sjá auglýsingar í blöðum. Sveifla djassins finnur resónans í mörgum félagsmönnum Í.R.A. Tökum stefnuna á síðustu djamm-session RÚREK 92. Mætum strax og húsið opnar til að ná borði og spjalla áður en tónlistin hefst.
- 23-maí. Laugardagur. Brottför frá félagsheimili kl. 10:00. Skoðunarferð að nýrri móttökustöð Pósts og síma á Mýrum. Saltfiskar, kuðungar og önnur loftnet staðarins verða útskýrð og reynd í hlustun. Farið verður í hópferðabíl svo nauðsynlegt er að tilkynna þátttöku til TF3DX, Villa, í síðasta lagi 21. maí. Símar: 674013 og 694633. Fargjald um 1800 kr. eftir fjölda.
- 20.-21. júní. Sólstöðuferð á einkabílum að Garðskagavita. Kjörin QRP aðstaða og eitt stykki viti undir loftnet Viltu reyna ný loftnet? Svefnpokapláss og eldunaraðstaða í fýrrum bústað vitavarðar, einnig má tjalda. Sími þar 92-27040. Brottför frá félagsheimili kl. 10:00.
16. júlí. Fimmtudagur. Brottför frá félagsheimili kl. 21:00. Refaveiðar í Heiðmörk, Jaðarsmegin.
- 1.-3. ágúst. Verslunarmannahelgin. Út um holt og hæðir, útileikar ÍRA að vanda.
19. september. Laugardagur. Brottf. frá félagsh. kl. 14:00. Skoðunarferð í Gufunes. Sjáum nýja stjórnstöð fyrir fjarskiptin, sem m.a. fjarstýrir móttökustöðinni á Mýrum. Einkabílar.
24. október. Laugardagur. A-próf. Þátttaka tilkynnist ritara, Bjarna TF3GBN, eigi síðar en 1. október. Sími 78293. Um kvöldið verður kráarferð, nánar auglýst síðar.
31. október. Laugardagur. N-próf. Þátttaka tilkynnist ritara eigi síðar en 1. nóvember.
12. nóvember. Fimmtudagur. Félagsfundur í Árseli kl. 20:30. 24. janúar. Sunnudagur. Félagsfundur Hótel Esju kl. 14:00. 14. febrúar. Sunnudagur. Aðalfundur Hótel Esju kl. 14:00.

# FIMMTUDAGAR Í FÉLAGSHEIMILINU

Eftirfarandi eru ábendingar um málefni fyrstu fimmtudaga hvers mánaðar. Eins og í fyrra er ekki í öllum tilfellum um undirbúna dagskrá að ræða, heldur er stuðlað að því að þeir sem hafa tiltekin áhugamál hittist Framvindan er þá undir viðstöddum komin.

14. maí. TF3DX kynnir einfalt VXO sendiviðtæki sem hann smíðaði fyrir Esjuferðina í fyrra. Vilja einhverjir bindast samtökum um að smíða sér tæki fyrir Útileikana? Nú er hæfilegur fyrirvari! Nýu Lowe HF-225 (ferða-) viðtæki einnig til sýnis.

4. júní. Ræðum viðfangsefni sólstöðuferðar.

2. júlí. Undirbúningur útileika.

6. ágúst. VHF/UHF málefni.

3. sept Neyðarfjarskipti.

1. okt. Keppnir sem við ættum að spreyta okkur á?

5. nóv. Refaveiðar og búnaður.

3. des. “Loop” sendiloftnet

Frh.af síðu 2.

einhverju hugðarefni sínu í framkvæmd á vegum félagsins er ekkert því til fyrirstöðu, en hafa ber í huga að sjóðir félagsins eru mjög litlir og ekki mikillar aðstoðar að vænta úr þeirri áttinni. Verða slíkar framkvæmdir að mestu leyti að byggja á frjálsum framlögum þeirra, sem hafa áhuga á þeim hugmyndum er upp koma hverju sinni. Sem dæmi um þetta er ánægjulegt að nefna hóp undir forystu TF3BM sem ætlar að koma upp öðrum endurvarpa á Reykjavíkursvæðinu. Fimmtán manna hópur hefur þegar safnað um 30 þúsund kr. eða u.þ.b. tvö þúsund kr. hver. Enn vantar a.m.k. kr. 20 þúsund. Gjaldkeri er fús að taka við framlögum í söfnun þessa. Í þessu sambandi má einnig geta þess að stjórnin hefur skipað nýja nefnd á vegum félagsins. Það er VHF/UHF-nefnd, en í henni sitja þeir TF3BJT, TF3PXT og TF3ATT. Nefndin á að

samræma notkun á þessum tíðnisviðum og gefa félagsmönnum holl ráð um öll málefni VHF/UHF eftir bestu getu.

Nú er orðið all langt síðan að amatörpróf hafa verið haldin, þ.e. nýliða- A- og C-próf. Þeir sem hafa hug á að fara í próf á næstunni hafi samband við einhvern stjórnarmanna. Í þessu sambandi skal bent á að TF3KB heldur námskeið í amatörafræðum þegar næg þátttaka fæst

Að lokum er vert að hvetja félagsmenn til að senda efni til birtingar í blaðinu, eða hringja það inn. Ekkert fréttaskot er svo lítið að það gleðji ekki. Einnig óskar gjaldkeri þess að þeir sem ekki hafa enn greitt giróseðilinn frá því í janúar greiði sem fyrst

Með bestu kveðjum, þ.e. 73 de  
Stjórni Í.R.A

## QRM...QTC

TF3GBN hefur enn bætt við sig dx samböndum á 5 w sendinn og þar má nefna Ástralíu, Nýja-Sjáland og Sri-Lanka í haust, allt á 15 m og þegar staðfest með kortum.

TF3CW tók þátt í CQ-WW bæði á SSB og CW. Árangur hans var til sóma. Ekki var mikið um virkni annarra TF-stöðva, þó heyrðist kvak í TF3UA. Einnig voru þeir TF3TF og TF3KM við tækin að sögn heimildarmanns CQ-TF.

Þorvaldur TFIMM er fluttur af landi brott með fjölskyldu sína. Hyggst hann starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna a.m.k. næsta árið. Nú er hann þar staddur sem áður var Júgóslavía. Vonandi kemst hann í loftið fljótlega.

Þann 20. ágúst 1991 gerðist það, að TF3GBN náði sambandi við Suðurskautið á 80m, nánar tiltekið á 3507 kHz.. Þetta þykir ekki í frásögur færandi nema af því að notaður var qrp sendir, heimasmiðaður, með innafli 5 w, og loftnetið var hálfbylgju vír í 7 metra hæð yfir jörðu. Stöðin sem haft var samband við var 4K1AFM. Önnur stöð var á tíðninni, 4K1A, en ekki tókst að hafa fullgilt samband við hana.

TF3DX hefur einnig náð góðum dx samböndum á eldspýtustokkinn sinn, sem gefur út ca 250 mW. Þar má nefna góð sambönd til Ástralíu og Nýja Sjálands á 20 m. Loftnetið var heilbylgja á 80 m, ca 10 m yfir jörðu.

TF3BP, Baldur Þorgilsson er kominn til landsins.

## Hússjóður ÍRA

Kr. 208.000.-

## Utanlands

Útlendinganetið á 14.230 kl. 14.00 á laugardögum.

## VHF SSB

SSB tíðni á 2m er 144.300. Þar hefur verið nokkur starfsemi undanfarið.

## Ritstjórn

Ritstjórnin þyldi svolítið af efni inn til birtingar, allt vel þegið.

80m innanlands

Innanlandstíðnin 3633kHz, CW og SSB, einkum frá kl. 18.00.

## Endurvarpar

Pétur TF3RPA er bilaður sem stendur, hann er keyrður á innilofneti, tíðni TX= 145.600 og RX= 145.000

TF3AJT hefur verið að prófa tvo “splitt-band” endurvarpa milli Rvk og Vestmannaeyja. Ari hefur sótt um leyfi til Radíóeftirlitsins, ekki er vitað um framvindu samþykktar.

## Packet

TF3BBS er komið í gang á 144.650.

Radíóvitar

Radíóviti Garðskaga er bilaður, Settur verður nýr viti í sólstöðuferð. kallmerki hans er TF8VHF.

Radíóviti Búrfelli er bilaður, stýring hans sendir bara di di di di..., kallmerki hans er TF1VVV.

Radíóvitinn TF3SIX er ennþá bilaður

Nýtt:

Svarviti TF3IRA 145.625/145.025 er í gangi þar til samkeyrslusíur koma til landsins. nú hafa safnast kr. 20.000 fyrir samkeyrslusfum. Hafið samband við TF3BM ef þið viljið leggja til í síurnar.

# Frá gjaldkera

Innheimta félagsgjalda fyrir árið 1992 er nú í fullum gangi. Menn eru beðnir að greiða gjaldkera hvar sem þeir sjá hann, hvort sem er í félagsheimilinu, við refaveiðar, í strætó eða í vinnunni. Þetta sparar félaginu dýra gíróseðla.

73 de TF3BJT, gjaldkeri Í.R.A.